

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Vopnafjarðarhreppi N-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald þetta er: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu. Auk A-gjalds verði einnig B-gjald skv. reglugerð nr. 309 12. júní 1975, sem er til að greiða hluta kostnaðar við varanlega gatnagerð, þ. e. bundið slitlag og gangstéttir.

3. gr.

Til útreiknings A-gjalds skal nota eftirfarandi einingartölur, sem breytast í samræmi við breytingar á visitölu byggingarkostnaðar frá setningu þessarar reglugerðar:

A.

1. Einbýlishús m/bifreiðageymslu að 400 m ³	kr. 100 000
2. Parhús að 400 m ³	— 80 000
3. Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja íbúða hús á 1 hæð að 400 m ³ hver íbúð	— 70 000
4. Raðhús og fjölbýlishús að 300 m ³ hver íbúð	— 50 000
5. Verslunar-, skrifstofu- og skólahúsnæði per m ³	— 200
6. Iðnaðarhús og vörugeymslur per m ³	— 150
7. Umframstærðir í íbúðarhúsum per m ³	— 200
8. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.	

B.

1. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40 af hverjum m² lóðar.

C.

1. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

4. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalda, samkvæmt 3. grein skal vera þegar byggingarleyfi er veitt eða lóð úthlutað. Þó er sveitarstjórn heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast eða allt að 2 mánuði. Sé gjaldið

Þá eigi greitt er heimilt að stöðva framkvæmdir fyrirvaralaust þar til skuldin hefur verið greidd að fullu.

5. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald verið greitt af lóð eða hliðstæð gjöld sem sveitarfélagið hefur innheimt og skal þá gilda sem greiðsla á A-gjaldi. Hafi lóðarhafar hinsvegar ekki greitt nein slík gjöld en eru með byggingu á byrjunarstigi þegar reglugerð þessi gengur í gildi ber að greiða samkvæmt 3. grein þessarar reglugerðar.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka og lækka gjaldstuðlana í 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-
hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrstu tvo mánuðina, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. des. ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.